

## Einar H Kvaran

og Nóbelsverðlaunin.

—o—

Prófessor Sigurður Nordal og Einar H. Kvaran eigast við í „Íð-  
unni“ í vel skrifudum ritgerðum.  
Væri enn þá meira gagn og gaman  
að því að sjá sókn og vörn slíkra  
snillinga, ef nokkru sáttgjarnleg-  
ar hefði ritað verið. En þó er ekki  
við öðru að búast en Kvaran sé  
gramt í geði, þar sem hann virð-  
ist ætla, að S. N. hafi orðið til  
að koma í veg fyrir að hann fengi  
bókmentaverðlaun Nobels. Það  
hefði nú einmitt verið svo skemti-  
legt, að hinn aldraði ritsnillingur  
hefði fengið þessi verðlaun eins og  
dálitla uppbót fyrir alt það illa  
sem íslenskur rithöfundur verður  
að þola umfram samskonar menn  
í öðrum löndum. Vil eg láta í ljósi  
þá von, að hér sé að eins um töf  
að ræða. Þarf varla að efa, að  
fjöldi Íslendinga mundi telja það  
rétt og ánægjuefni, að Einari  
Kvaran væri þessi sómi sýndur af  
Svíá hendi.

Helgi Pjeturss.

## Benedikt G. Waage.

—o—

Frá því að eg fyrst kyntist Bene-  
dikt G. Waage, sundgarpinum og  
íþróttáfrömuðinum, sem allir kann-  
ast við, hefi eg þar átt að mæta  
hugulsemi og drengskap á svo háu  
stigi, að mér hefir oft komið í  
hug að segja eitthvað um hann,  
sem honum gæti verið til gagns  
og gamans. Er nú sérstök ástæða  
til þess að eg láti úr þessu verða,  
og eg hefi fundið hvernig þetta  
má gera svo að um muni, jafnvel  
þó að í stuttu máli sé. Benedikt  
hefir aukið álit mitt á ætt þeirri,  
sem hann er af. Með þessu er mik-  
ið sagt, því að Benedikt er í bein-  
an karlegg af sama manni kominn  
og Niels Finsen, ekki þó Finni  
biskupi, heldur Halldóri afa hans,  
er eg man rétt það sem sá ætt-  
fróði maður, Pétur Zóphóníasson,  
hefir um þetta ritað.

Benedikt Waage hefir lengi  
starfað hjá Garðari Gíslasyni, en  
hefir nú, ásamt bróður sínum, sett  
á stofn verslun á Laugavegi 18.  
Vil eg láta í ljósi þá ósk, að þetta  
fyrirtæki þeirra bræðra megi vel  
lánast, og hygg að það sé óhætt  
að hvetja Reykvíkinga og aðra  
til að skifta við slíka menn sem  
þeir eru.

Helgi Pjeturss.

Vísir 16 apríl 1926

Vísir 23 jan 1926